

REGLUR ORLOFSSJÓÐS KENNARASAMBANDS ÍSLANDS (OKÍ) UM LEIGU ORLOFSHÚSA OG AÐRA ÞJÓNUSTU

AÐILD AÐ SJÓÐNUM

Aðild að Orlofssjóði KÍ eiga allir fullgildir félagsmenn í Kennarasambandi Íslands. Einnig getur félagsmaður átt aðild að sjóðum:

- Í fæðingarorlofi, kjósi hann að greiða stéttarfélagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum.
- Í atvinnuleysi, kjósi hann að greiða stéttarfélagsgjald af atvinnuleysisbótum.
- Á sjúkradagpeningum, kjósi hann að greiða stéttarfélagsgjald af sjúkradagpeningum.
- Í launalaus leyfi: Réttur til úthlutunar fellur niður á meðan launalaust leyfi er, en stofnast að nýju við fyrstu iðgjaldagreiðslu eftir það. Stjórn KÍ getur heimilað sjóðfélaga í launalaus leyfi að greiða félagsgjald eitt ár í senn og halda réttindum.
- Sé hann skráður félagsmenn í Félagi kennara á eftirlaunum (FKE). Fullur réttur helst þar til punktar klárast, eftir það víkjandi réttur.

Réttindi að sjóðnum skapast í gegnum punktaineign, en hver félagsmaður sem er í 33% eða herra starfshlutfalli ávinnur sér 24 punkta á ári, eða 2 punkta á mánuði. Punktar eru færðir inn eftir á.

REGLUR UM ÚTLEIGU

Reglur um útleigu til sjóðsfélaga (félagsmanna) eru einkum með tvennum hætti, þ.e. sumarleiga og vetrarleiga, og byggjast á punktakerfi sjóðsins (punktaineign sjóðfélaga). Ekki er heimilt að leigja nema eina orlofseign í einu.

Óheimilt er með öllu að lána/framselja orlofshúsasamningana, hvort heldur er innan fjölskyldu eða til annarra.

Félagsmenn í félagi kennara á eftirlaunum (FKE) hafa ekki punktaineignarforgang til að bóka orlofseignir þegar opnað verður fyrir sumarúthlutanir. Þeir geta bókað orlofseignir þegar opnað verður fyrir almenna úthlutun sumartímabilsins.

Vetrartímabilið 2019-2020 býðst félögum að leigja orlofseignir á Flúðum og Kjarnaskógi í miðri viku (mánudag til fimmtudags) án punktafrádráttar og á afsláttarverð. Fullt verð er greitt fyrir leigu á rauðum dögum auk punktafrádráttar.

LÁGMARKSPUNKTAEIGN

Til að geta bókað eða nýtt aðra þjónustu OKÍ þurfa félagsmenn að eiga orlofspunkta. Ef punktaineign fer niður fyrir mínus -23 punkta missa félagsmenn réttinn það árið eða þar til ný orlofspunktaúthlutun hefur átt sér stað (mars ár hvert). Félagsmenn ávinna sér 24 orlofspunkta á ári. Félagsmenn geta ef svo ber undir keypt viðbótarpunkta að hámarki 24 punkta á 365 daga tímabili og er verðgildi hvers punkts kr. 500. Hafa þarf samband við skrifstofu er slíks er óskað. Leiga orlofshúsa eða önnur niðurgreidd þjónusta krefst þess að félagsmenn eigi tiltekinn fjölda punkta. Á vef Orlofssjóðs er að finna gjafabréf í flug, flugmiða innanlands, kort, orlofshús og annað til sölu án punktafrádráttar.

SUMARLEIGA / VETRARLEIGA

Sumarleigutímabil er frá byrjun júní til loka ágúst (9-12 vikur). Sumarleiga er með tvennu móti: *vikuleiga*

REGLUR ORLOFSSJÓÐS KENNARASAMBANDS ÍSLANDS (OKÍ) UM LEIGU ORLOFSHÚSA OG AÐRA ÞJÓNUSTU

og flakkaraleiga. Vikuleiga er frá föstudegi til föstudags.

Flakkaraleiga: Leiga er frá tveimur upp í sjö sólarhringa á sama stað (lágmarksleiga 2 dagar*). Í orlofshúsum í eigu OKÍ (Flúðir og Kjarnaskógur) er helgin bundin frá föstudegi til sunnudags, þ.e. ekki er hægt að leigja staka föstu-/eða laugardaga. Leigutími er frá klukkan 16:00 á upphafsdegi og leigutaka ber að skila leigugeign eigi síður en klukkan 12:00 á skiladegi.

Vetrartími er frá síðari hluta ágúst fram í byrjun júní ár hvert. Reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“ gildir á þessum tíma. Sú nýbreytni var tekin upp veturinn 2017–18 að hafa fasta helgarleigu í orlofshúsum OKÍ og seinka brottför á sunnudegi til kl. 18:00. Slíkt fyrirkomulag verður áfram við lýði hjá OKÍ.

Opnun orlofstímabils er nú þrisvar á ári.

Haust/vetur tímabilið hefst um miðjan ágúst og er til og með fyrstu viku í janúar. Vetur/vor-tímabilið nær frá fyrstu viku í janúar til byrjun júní. (*Opnunartímar fyrir haust/vetur í maí, fyrir sumar lok mars/byrjun apríl, fyrir vetur/vor byrjun sept. ár hvert.*)

Sumartímabilið nær frá byrjun júní til loka ágúst.

LEIGUGJALD FYRIR EIGNIR Á VEGUM ORLOFSSJÓÐS

Leiguupphæð er mismunandi eftir eignum og er ákveðin árlega af stjórn Orlofssjóðs.

Leigutaka ber að greiða leigu við bókun. Kjósi félagsmaður annað greiðslufyrirkomulag þarf hann að hafa samband við skrifstofu Orlofssjóðs eða senda póst á orlof@ki.is.

Allar viðbótarbókanir teljast nýjar bókanir og greiða verður fyrir þær í samræmi við gjaldskrá.

LYKLAR AÐ HINU LEIGÐA HÚSNÆÐI

Lyklar að orlofshúsum í eigu KÍ eru í lyklakassa og/eða raflásar og eru lyklnúmer uppgefin á leigusamningi. Upplýsingar um afhendingu lykla að endurleiguhúsum eru skráðar á leigusamningi vegna leigunnar. Sjá nánar í samningi.

ÞEGAR UPP KOMA VANDAMÁL

Ef aðbúnaður á leigðri eign er ekki í samræmi við lýsingu er sjóðfélagi beðinn um að láta strax viðkomandi umsjónarmann vita og á hann þá að leitast við að koma hlutunum í lag. Símar umsjónarmanna eru tilteknir á leigusamningi og á bókunarvefnum. Ef slíkt tekst ekki er sjóðfélagi beðinn um að láta vita á skrifstofu Orlofssjóðs með því að senda tölvupóst á orlof@ki.is, um leið og hægt er. Ef þörf er á skal senda myndir með.

Ekki er veittur afsláttur ef pottur er óhreinur eða bilaður eða grill óþrifið.

BREYTINGAR/ AFBÓKANIR

Tilkynna skal allar breytingar og afbókanir skriflega svo fljótt sem auðið er til Orlofssjóðs, netfang: orlof@ki.is. Ath.: Þó breyting sé í upphafi tilkynnt símleiðis, verður skrifleg beiðni að fylgja í kjölfarið.

REGLUR ORLOFSSJÓÐS KENNARASAMBANDS ÍSLANDS (OKÍ) UM LEIGU ORLOFSHÚSA OG AÐRA ÞJÓNUSTU

Leiga er aldrei endurgreidd ef tilkynning berst eftir að leigutímabil hefst.

Veikindi, óveður og aðrar óviðráðanlegar aðstæður - breytingar / afbókanir innanlands

Leiga er aldrei endurgreidd ef tilkynning berst eftir að leigutími hefst.

- Ef veikindi eða önnur meiriháttar áföll koma í veg fyrir orlofsdvöl skal tilkynna skrifstofu sjóðsins það skriflega svo fljótt sem kostur er **ÁÐUR** en leigutími hefst. Í slíkum tilfellum er heimilt að endurgreiða leigugjald gegn framvísun læknisvottorðs og uppfærast þá punktastaða. Ath. OKÍ greiðir ekki fyrir læknisvottorð. Læknisvottorð skal berast skrifstofu innan 2 vikna frá afbókunardegi.
- Ef veður eða aðrar óviðráðanlegar ytri aðstæður, svo sem ófærð, aðvaranir lögreglu eða Veðurstofu, koma í veg fyrir orlofsdvöl endurgreiðir sjóðurinn 80% leigugjaldsins og uppfærir punktastöðu. Skrifleg beiðni verður að berast Orlofssjóði á orlof@ki.is, sem og staðfesting opinberra aðila (Almannavarna, Veðurstofu, lögreglu eða álíka) á ófærð í síðasta lagi við upphaf leigu.
- Ef leigutaki þarf að afpanta eða breyta orlofsdvöl þarf að greiða breytinga- eða skilagjald sem kemur fram í gjaldskrá. Stjórn Orlofssjóðs áskilur sér rétt til að endurskoða gjaldið árlega. Núverandi gjald er 2.500 kr.
- Sé orlofshúsnæði afbókað með meira en tveggja vikna (14 daga) fyrirvara er leigugjald að fullu endurgreitt en skilagjald innheimt. Punktur er þá bakfærðir að fullu.
- Sé orlofshúsnæði afbókað innan 14-8 daga áður en leiga hefst er 75% leigugjalds endurgreidd og punktar bakfærðir að fullu.
- Sé orlofshúsnæði afbókað áður en 7-3 dagar eru í upphaf leigutöku fæst 25% leigugjaldsins endurgreitt og punktar bakfærðir að fullu.
- Sé orlofshúsnæði afbókað þegar minna en 3 dagar (72 klst.) eru í upphaf leigutöku þarf að greiða fulla leigu fyrir húsið auk punkta.
- Þjónusta sem keypt er samhliða leigu, s.s. leiga á líni eða þrif á orlofseign er alltaf endurgreidd að fullu.

Sjá nánar reglur um afbókanir á Orlofsvefnum.

Breytingar / afbókanir erlendis

Athugið breyttar afbókunarreglur á eignum erlendis: Ef afbókað er með meira en 2 mánaða fyrirvara er leiguverð endurgreitt að fullu að frádregnu 2.500 kr. skilagjaldi. **Ef afbókað er með minna en 2 mánaða fyrirvara er engin endurgreiðsla í boði.**

HÓTEL- OG FLUGÁVÍSANIR / AFSLÁTTARKORT

Félagsmenn OKÍ geta keypt samtals átta (8) flugávísanir að verðgildi kr. 15.000 með Icelandair og fjóra (4) hótelmiða með punktaafslætti. *Gjafabréf í flug/hótel eru aldrei endurgreidd.* Ath. sjá skilmála á bréfum.

REGLUR ORLOFSSJÓÐS KENNARASAMBANDS ÍSLANDS (OKÍ) UM LEIGU ORLOFSHÚSA OG AÐRA ÞJÓNUSTU

Einnig verða Útilegu-, Golf-, Veiðikort og Úrval Útsýn niðurgreidd af Orlofssjóði sumarið 2019. Að auki eru í boði flugávisanir með Flugfélaginu Erni og gjafabréf Air Iceland Connect án punktafrádráttar. Sjá nánar um framboð á orlofsvef. *Hótelmiðar, flugávisanir og önnur afsláttarkort eru aldrei endurgreidd. Sjá skilmála á Orlofsvefnum.*

UMGENGNI, ÁBYRGÐ OG SKIL LEIGUEIGNA

Leigutaka ber að hafa leigusamning við höndina meðan á dvöl stendur.

Leigutaki ber ábyrgð á umgengni við orlofshús, orlofssvæði og aðrar eigur á vegum Orlofssjóðs KÍ eftir almennum reglum skaðabótaréttar og leiguréttar, þ.e. að almennt skulu greiddar skaðbætur sem nema þeim útgjöldum sem tjón bakar Orlofssjóði, ef tjóni er valdið af ásetningi eða gáleysi af félagsmanni eða gesti hans.

Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrifið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur OKÍ sér rétt til að innheimta sérstakt gjald fyrir slæman viðskilnað. Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði / eignum OKÍ er að ræða þá er, auk kröfu um greiðslu kostnaðar, heimild til að áminna félagsmann. Honum gefst þó tækifæri á að skýra mál sitt við stjórn OKÍ áður en endanleg áminning verður ákveðin. Ef annað sambærilegt brot er framið innan tveggja (2) ára missir sjóðfélagi rétt til nýtingar á orlofstilboðum næstu fimm (5) ár hafi kostnaður við hvort tjón um sig farið yfir árlega viðmiðunarupphæð sem stjórn OKÍ setur sér. Sjá nánar um sektarupphæðir á orlofsvefnum: <http://ki.is/styrkir-ogsjodir/orlofssjodur2/orlofssjodur#afbokanir-reglur>.

Reikningur fyrir þrifum og/eða skemmdum verður sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé hann ekki greiddur innan tiltekins frests verður reikningurinn sendur í innheimtu hjá lögfræðingi með tilheyrandi kostnaði.

REYKINGAR ERU MEÐ ÖLLU BANNAÐAR Í HÚSNÆÐI ORLOFSSJÓÐS

GÆLUDÝR

Óheimilt er að hafa hunda, ketti eða önnur gæludýr í leiguhúsnæði á vegum Orlofssjóðs KÍ nema sérstaklega komi fram í leigusamningi að það sé heimilt. Lausaganga hunda í orlofsbyggðum Orlofssjóðs er bönnuð. Áhersla er lögð á að félagsmenn virði þessar reglur, ekki síst með það í huga að sýna ofnæmissjúklingum tillitssemi.

HJÓLHÝSI / FELLIHÝSI / TJALDVAGNAR O.FL.

Óheimilt er að nota tjöld, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og annan slíkan búnað við orlofshúsin.

GILDISTAKA

Reglur þessar voru samþykktar í stjórn Orlofssjóðs Kennarasambands Íslands 5. mars og 13. maí 2019.

REGLUR ORLOFSSJÓÐS KENNARASAMBANDS ÍSLANDS (OKÍ)
UM LEIGU ORLOFSHÚSA OG AÐRA ÞJÓNUSTU

BROT Á REGLUM OKÍ OG SEKTIR

Sjá á orlofsvefnum: <http://ki.is/styrkir-og-sjodir/orlofssjodur2/orlofssjodur#afbókanir-reglur>.

Sektir

- Óþrifnaður: 20.000 kr.
- Óþrifinn heitur pottur/grill: 5.000 kr.
- Óheimil framleiga: 5.000 kr. fyrir hvern sólarhring sem leigutaki (félagismaður KÍ) leigði húsið og tafarlaus brottvísun.
- Óheimilar reykingar: 25.000 kr. (á einnig við um rafrettur).
- Gæludýr þar sem ekki er heimilt: Brottvísun og 25.000 kr. sekt.
- Tjón eða skemmdir á húsbúnaði: Ef kostnaður fer yfir 25.000 kr. getur félagismaður misst rétt til að leigja eignir Orlofssjóðs KÍ næstu 2–5 ár.
- Óheimilt tjald/tjaldvagn/hjólhýsi o.s.frv. við hús: 25.000 kr.

ÞJÓNUSTA Í BOÐI Á EIGNUM OKÍ

Höfuðborgarsvæðið

Þrif og lín skal pantað og greitt við bókun. Ef óskað er eftir að bæta við í pöntun; lín/þrif, þá þarf slíkt að vera gert með 48 tíma fyrirvara í gegnum skrifstofu á virkum dögum. (Ekki hægt að bóka um helgar).

Ath. Ekki er hægt að kaupa þjónustu (þrif og lín á rauðum dögum).

Flúðir

Frá og með sumaropnun 7. júní, 2019 verða þrif á Flúðum ekki lengur í boði.

Kjarnaskógur

Engin þjónusta af hálfu OKÍ. Boðið er að kaupa þrif í gegnum þjónustuaðila.

RAUÐIR DAGAR ÁRIÐ 2019

1. janúar 2019 - nýársdagur
18., 19., 21. og 22. apríl 2019 - páskar
25. apríl 2019 - sumardagurinn fyrsti
1. maí 2019 - alþjóðlegur frídagur verkafólks
30. maí 2019 - uppstigningardagur
9. og 10. júní 2019 - hvítasunna
17. júní 2019 - þjóðhátíðardagur Íslendinga
5. ágúst 2019 - frídagur verslunarmanna
24., 25., og 26. desember 2019 - jól
31. desember 2019 - áramót

RAUÐIR DAGAR ÁRIÐ 2020

1. janúar 2020 - nýársdagur
9., 10., 12. og 13. apríl 2020 - páskar
23. apríl 2020 - sumardagurinn fyrsti
1. maí 2020 - alþjóðlegur frídagur verkafólks
21. maí 2020 - uppstigningardagur
31. maí og 1. júní 2020 - hvítasunna
17. júní 2020 - þjóðhátíðardagur Íslendinga
3. ágúst 2020 - frídagur verslunarmanna
24., 25., og 26. desember 2020 - jól
31. desember 2020 - áramót
1. janúar 2021 - nýársdagur